

Skólaráð

Fundur þriðjudaginn 1. mars 2022 kl. 13:00

Mættir: Bylgja Baldursdóttir aðstoðaskólastjóri, Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir og Guðrún Ósk Ársælsdóttir fulltrúar kennara, Arthúr Lúkas Soffíuson og Díana Guðrún Kristinsdóttir fulltrúar nemenda, Ásdís Elvarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Hannes Jón Jónsson og Elín Björg Gissurardóttir fulltrúar foreldra, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Starfsreglur skólaráðs.

Fundir haldnir fjórum sinnum á skólaári. 28. október, 13. janúar, 1. mars og 12. maí. Skólastjórnandi boðar fundina. Málefni send á skólastjórnanda sólarhring fyrir fund. Forföll tilkynnast til stjórnanda. Fundargerð verður birt á heimasíðu skólans. Kennari ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Skóladagatal

Skólaársins 2022-2023 kynnt og lagt fram til kynningar. Samþykkt án athugasemda. Vetrarfríi í mars fagnað til að brjóta upp vorönnina.

2. Umbótaáætlun

Aðstoðaskólastjóri kynnti umbótaáætlun og hún rædd.

3. Nemendaráð

Nemendur skipulagði skíðaferð fyrir nemendur sem þurfti að fresta vegna færðar, bollukappát á bolludegi þar sem bekkir kepptu sín á milli. Nemendur skreyttu fyrir Valentínusardag og eru að undirbúa boli fyrir stuðningsmenn á Skólahreysti.

Nemendum langar að fá fleiri stóru sófa í nemendaaðstöðu til að bæta aðstöðu í frímínútum.

4. Kaffihúsafundur

Rætt um þá tillögu að halda skólaþing með kaffihúsafundformi í maí þar sem fulltrúar skólasamfélagsins kæmu saman í umræðuhópa. Fundurinn færi fram 10. maí kl. 17:00 á sal skólans.

5. Önnur mál:

Engin önnur mál lögð fram.

Kallað verður til fundar 26. apríl kl. 9 til að ræða málefni kaffihúsafundar, sent verður út fundarboð.

Fundi slitið kl. 13:40

Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir ritaði fundagerð